

Reykjavík 10.05.2021

Til bæjarráðs Hafnarfjarðar

Vegna erindis sem Íslandsdeild ICOM barst um inn grip bæjarráðs í starfsemi Hafnarborgar – menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar.

Að fyrirskipan bæjarstjórans í Hafnarfirði var myndlistarverk fjarlæggt af gaffli Hafnarborgar þann 2. maí síðastliðinn. Verkið er hluti af sýningunni *Töfrafundur - áratug síðar*, sem stendur yfir í safninu til 30. maí. Í kjölfar þessa atburðar vakna áleitnar spurningar um sjálfstæði safna.

Hafnarborg er viðurkennt safn samkvæmt [safnalögum nr. 141/2011](#). Í 10. gr. laganna kemur fram að skilyrði fyrir viðurkenningu er að safn starfi í samræmi við [siðareglur Alþjóðaráðs safna \(ICOM\)](#). Stjórn Íslandsdeildar ICOM brýnir fyrir bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði, sem eru eigendur safnsins og ábyrgðaraðilar þess, að kynna sér siðareglur ICOM og virða þær í hvívetna. Í siðareglunum kemur fram að yfirstjórn skuli aldrei fara fram á að starfsfólk safns geri neitt það sem talið er að stríði gegn siðareglum ICOM og landslögum.

Þá vill stjórn Íslandsdeildar ICOM áréttta að forstöðumaður ber beina ábyrgð gagnvart yfirstjórn safnsins. Inn grip yfirstjórnar í starfsemi safns af því tagi sem hér hefur átt sér stað er því hvorki í samræmi við siðareglur né safnalög, og telst vera óeðlileg afskipti af stjórnun safns. Sem eigandi Hafnarborgar verður Hafnarfjarðarbær að tryggja að starfsemi safnsins endurspegli faglega ábyrgð eins og kveðið er á um í siðareglum ICOM og lögum.

Virðingarfyllst, stjórn Íslandsdeildar ICOM

Anna Friðbertsdóttir, gjaldkeri
Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður
Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, ritari
Sigurður Trausti Traustason, meðstjórnandi